



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Sólborg Una Pálsdóttir
Faghópur 1
Rammaáætlun

Reykjavík, 10. febrúar 2016
MÍ201602-0019/6.10/ A.S.

**Efni: Umsögn Minjastofnunar Íslands um niðurstöður
faghóps 1 í 3. hluta Rammaáætlunar um gæði gagna**

Með tölvupósti dagsettum 26. janúar sl. óskaði Sólborg Una Pálsdóttir fh. faghóps 1 í 3. hluta Rammaáætlunar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um gæði gagna um menningarminjar varðandi einstaka virkjunarkosti sem faghópurinn hefur tekið til umfjöllunar.

Minjastofnun hefur farið yfir gögnin sem borist hafa frá faghópnum og er sammála því mati á gögnum um einstaka virkjunarkosti sem kynnt var á fundi 9. febrúar, sbr. power point skjal sem lagt var fram á þeim fundi.

Stofnunin er einnig sammála því mati faghópsins að sökum algers skorts á gögnum/upplýsingum um menningarminjar á áhrifasvæði virkjunarkostsins Austurgil sé ekki hægt að taka það svæði til umfjöllunar að svo stöddu.

Virðingarfyllst,

Agnes Stefánsdóttir
Sviðsstjóri